



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Iceland Academy of the Arts

Lokaverkefni í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi

Hjólandi óperusöngkona í leit
að nýjum áhorfendum

Alexandra Chernyshova

Mái 2013

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
1. Tónlist til nýrra áhorfenda	6
2. Nordplus verkefnið	9
3.1. Markmið Nordplus verkefnisins	9
3.2. Verkefnisáætlun "Nordic art involves, inspires and unites"	10
3.3. Tímasetningar heimsókna "Nordic art involves, inspires and unites"	11
3.4. Tónlistarteymi Nordplus.....	11
3.5. Fjárhagsáætlun fyrir Nordplus verkefnin	11
3.6. Áætlun fyrir tónlistarsmiðju og tónleikaprógram "Nordic Art Involves, Inspires and unites" í skólabúðunum í Reykjaskóla vorið 2012	12
3.7. Tímaáætlun tónlistarsmiðjunnar og tónleikaprógram "Nordic Art Involves, Inspires and Unites" í skólabúðunum í Reykjaskóla	14
3.7.1. Dagur 1	14
3.7.2. Dagur 2	15
3.7.3. Dagur 3	16
3.7.4. Dagur 4	17
3.7.5. Dagur 5	18
3. Tónleikarnir „Stúlka frá Kænugarði“	20
4.1. Markmið tónleikanna "Stúlka frá Kænugarði"	20
4.2. Tónlistarteymið í "Stúlka frá Kænugarði"	21
4.3. Verkefnisáætlun tónleikanna "Stúlka frá Kænugarði"	21
4.4. Fjárhagsáætlun „Stúlka frá Kænugarði“	22
4.5. Efnisskrá tónleikanna.....	22
4. Óperan „Í Skálholti“	27
5.1. Markmið óperunnar "Í Skálholti"	27
5.2. Verkefnisáætlun kynningarinnar á óperunni "Í Skálholti"	28
5.3. Fjárhagsáætlun „kynning á óperunni – Í Skálholti“	29
5.4. Tónlistarteymið í kynningu óperunnar "Í Skálholti"	29
5. Tenging við námið og helstu niðurstöður	31
6. Lokaorð	34
7. Fylgiskjöl.....	35
8.1. Uppskrift af kjötrauðrófusúpu – Borsh	35

Inngangur

"Kannstu að hjóla?"

„Já, ég kann það“

Að vera í Meistaránámi í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi / New Audiences and Innovative Practice (NAIP) er alveg eins svo að hjóla á reiðhjóli. Ég segi það af því að ég lærði einmitt að hjóla í fyrstu námslotunni í Hollandi á fallettri eyju, Schiermonnikoog. Ég hélt að ég gæti ekki lært að hjóla, orðin þetta gömul, 31 árs. Ég var mjög hörð og ströng við sjálfa mig til að ná árangri við að hjóla. Mér leið illa að sjá að aðrir gátu hjólað en ekki ég. Það tók mig ekki langan tíma að gleyma hræðslu minni við að hjóla og slæmum minningum frá fyrri hjólareynslu þegar ég var barn. Á hverjum degi á Schiermonnikoog vaknaði ég kl. 6 á morgnana, þrátt fyrir að ég sé ekki morgunmanneskja, til að æfa mig að hjóla á meðan engin sæi til. Ég var eins og lítið barn, var alltaf að detta og fólk hló að mér þegar það sá mig. Ég þoli ekki þegar fólk gerir grín að mér, þess vegna lagði ég hart að mér að ná tökum á hjólinu. Eftir fjóra daga gat ég hjólað án þess að detta í nokkrar mínútur og gat brosað til fólksins sem hafði hlegið að mér áður, þetta var stór sigur fyrir mig. Ride a bike = study in NAIP varð að markmiði hjá mér í náminu síðustu tvö ár. Ég hafði mikinn áhuga á því að læra og prufa eitthvað nýtt, ég vildi læra hvernig ég gæti orðið betri söngvari og tónlistarflytjandi með náminu sem ég var í. Ég var einnig byrjandi með margt, hrædd og óviss með það sem ég var að læra og gera í náminu og hvernig ég gæti nýtt mér þá þekkingu. Ég hafði aðrar skoðanir og hugmyndir um t.d. hvað væri nýsköpun og hvað væru nýjir áhorfendur í tónlist sem ég síðar lærði í náminu. NAIP námið var því fyrir mér eins og að hjóla og reyna að halda jafnvægi. Ég fann fyrir miklu frelsi þegar ég loksins gat hjólað. Það sama á við með tónlistina, það er eins og að hjóla, maður þarf ekki að vera hræddur við að detta.

Námið við Listaháskóla Íslands vakti athygli mína út af alþjóðlegum áhrifum, tengingum og möguleikum á því að þróa mig enn frekar sem tónlistarmann. Námið í Listaháskólanum er eina námið sem er í boði á Íslandi sem er með áherslu á nýsköpun á alþjóðlegum vettvangi í tónlist. Í náminu hef ég kynnst mörgu listafólki frá mörgum Evrópulöndum og unnið alþjóðleg verkefni með þeim. Það er ekki nóg að vera góð óperusöngkona. Með náminu vildi ég læra nýja nálgun við áhorfendur og tileinka mér aðferðafræði nýsköpunar um leið. Nýsköpun fyrir mér er að búa til ný verkefni og/eða þróa aðrar rótgrónar hugmyndir og betrum bæta þær, færa í nútímabúning og til nýrra áhorfenda.

Rannsóknarspurningarnar sem ég legg upp með í þeim verkefnum sem ég hef framkvæmt í náminu eru eftirfarandi; Hvernig get ég sem klassísk óperusöngkona nýtt mér námið í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi til að þróa nýjar hugmyndir og framkvæmt, þó að þær séu byggðar á gömlum grunni? Hvernig get ég með víðtæku og með alþjóðlegu samstarfi náð til nýrra áhorfenda?

Ég er að tala um Nordplus verkefni sem ég tók þátt í með söngskólanum mínum - Nordic Art Involves, inspires and unites með skólum frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þegar ég tók á móti skólunum hérna á Íslandi þá bauð ég tveimur samnemendum mínum í NAIP að taka þátt - Luca Brembila frá Ítalíu og Corneliu Zambilu frá Rúmeníu. Þau stunda nám við Royal Conservatoire of The Hague og Prince Claus Conservatoire of Groningen. Við gerðum margt skemmtilegt í tónlistinni með börnum og ungmennum, þau eru svo opin fyrir nýsköpun og nýjum aðferðum. Ég bjó einnig til nýtt námskeið sem heitir - Að synda og syngja - sem er mjög skemmtilegt og gagnlegt fyrir söngfólk. Ég lærði margt í náminu sem hefur gagnast mér í tónlistinni, t.d. hljóðupptökur, tónsmíðar og námskeiðin Ómur náttúrunnar, , Verkefnastjórnun, Rannsóknarþjálfun, Opera Lab og margt fleira. Það eru ótrúlega mörg námskeið í boði í skólanum, fjölbreytt og gagnleg námskeið fyrir tónlistarfólk. Líka námskeið um það hvernig við framkvæmum, þ.e. komum á framfæri því sem við erum að gera - komum því á svið. Í meistarnáminu lærði ég hvernig á að hjóla í tónlistinni og detta og svo aftur hjóla. Eitt af verkefnum mínum var "Stúlka frá Kænugarði", tónleikadagskrá um úkraínska tónlist sem ég flutti í Hörpu, Kaldalóni 17. mars á þessu ári. Það var mikil vinna sem fór í undirbúning fyrir þessa dagskrá, velja lög á efnisskrá, sem getur verið erfitt þar sem um þjóðlög er að ræða og útsetningar af þeim af skornum skammti. Ég hef aldrei lagt eins mikla rannsóknarvinnu í eina tónleika áður. Mig langaði einnig að sauma kjól sem passaði fyrir þessa dagskrá, kjóllinn er ekki alveg þjóðbúningur en hann er með þjóðarlitunum - svartur fyrir dauðann, rauður fyrir ástina og hvítur fyrir lífið. Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona og vinkona mín var með kynningu á milli laga og sögur frá Úkraínu. Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari var einnig með mér í þessu verkefni. Lokaverkefni mitt í náminu má einnig líkja við að læra að hjóla og var ég svolítið hrædd í fyrstu. Ég er lærð óperusöngkona og starfa sem slík, hef verið mikill aðdáandi óperutónlistar frá unga aldri. Ég stofnaði Óperu Skagafjarðar þegar ég bjó í Skagafirði og setti upp fimm óperusýningar í fullri lengd. Ég hef aldrei skrifað óperu þó ég hafi kunnáttu í tónlist og tónsmíðum. Þetta verkefnið var að semja óperu. Óperan heitir "Í Skálholti", handrit er eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur. Sagan gerist á 17. öld og er um Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskupsdóttur og vináttu hennar og Hallgríms

Péturssonar prests og sálmaskálds, líf hennar og örlög. Ég stefni að því að setja upp óperuna næsta vetur og syngja hlutverk Ragnheiðar á íslensku.



1. Tónlist til nýrra áhorfenda

Nýjir áhorfendur eru fyrir mér markhópur sem kemur aldrei á hefðbundna tónleika. Þeir kjósa að eyða frítíma sínum í eitthvað annað en að sjá t.d. óperu eða klassíska tónleika. Þetta er ekki ákveðinn aldurshópur, getur verið börn, unglingar, fullorðið fólk og eldri borgarar. Það sama á við með þjóðerni, menntun eða árlegar tekjur. Ástæður fyrir því að þetta fólk kemur ekki á klassíska tónleika eru m.a.:

- Það hefur ekki áhuga á óperum eða klassískri tónlist
- Það skilur ekki klassíska tónlist
- Klassísk tónlist er fyrir miðaldra og gamalt fólk
- Það hefur ekki tíma, er of upptekið
- Það er dómhart og/eða með fordóma gagnvart klassískri tónlist
- Það er fáfrótt um klassíska tónlist

Til að greina betur hvaða fólk þetta er sem ég er að reyna að ná til sem nýjir áhorfendur þá ákvað ég að fylgja frægri setningu „Ef fjallið kemur ekki til Múhameðs þá fer Múhameð til fjallsins“ Ef nýjir áhorfendur koma ekki einhverra hluta vegna á tónleika hjá mér, þá kem ég til þeirra.

Í öllum mínum verkefnum á síðustu tveimur árum hafði ég þessa fleygu setningu að leiðarljósi. Ég kynnti mig og verkefni mín með þeirri aðferða að birtast óvænt á opinberum stöðum og almenningsrýmum. List á slíkum stöðum nær til óhefðbundna áhorfenda sem eru ekki beinlínis komnir til að hlýða á og sjá verkin sem ég er að framkvæma og kallar það á annars konar afstöðu þeirra. Hvernig á listamaðurinn að nálgast þessa nýju áhorfendur? Samsetning áhorfenda er allt öðruvísi en þeirra sem koma gagngert á tónleika. Tónlistarmenn sem koma fram í almenningsrými eins og matvöruverslun, sundlaug og banka þurfa að finna nýjar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri þannig að verkið komist til skila. Skipulag og uppbygging almenningsrýmanna er með allt öðrum hætti en hefðbundinn tónleikastaður og því þurfa tónlistarmenn sem gera slíkt að takast á við nýja áskorun með framsetningu listarinnar. Með því að fara með tónlistina til áhorfendans í stað þess að bíða eftir því að áhorfandinn komi á tónleika er tónlistarmaðurinn að brjóta niður ramma sem hefðbundinn tónleikastaður myndar kringum verk tónlistarmannsins. Í almenningsrými er tónlistarmaðurinn laus við flokkun, tenging hans við áhorfendur verður með öðrum hætti,

samræður áhorfenda einnig og upplifunin því önnur því áhorfendurnir eru á heimavelli, í öðrum tilgangi á staðnum heldur en að hlýða á tónleika og rýmið býður upp á allt aðra og annars konar umræðu en á hefðbundnum klassískum tónleikum.

Aðferðirnar sem ég notaði í verkefnum mínum til að nálgast nýja áhorfendur voru;

- Fá ólíka listamenn í samstarf í verkefnum. Það dregur að ólíka og nýja áhorfendur (professional intergration) – kynning á óperunni „Í Skálholti“ í Þjóðmenningarhúsinu.
- Nýsköpunargildi tilraunarinnar (experimnet/challenge methods) – Nordplus verkefnið, tónsmíði þátttakenda frá nokkrum ólíkum löndum. Kenna áhorfendum frá Íslandi úkraínsk tónleiklag á tónleikum „Stúlka frá Kænugarði“. „Að syngja og synda“, masterclass námskeið í vatni.
- Enduspeglunar aðferð (reflect approach methods), þ.e. tenging umhverfis og náttúru við þjóðlaga tónlist og bakgrunn þátttakenda – Nordplus verkefni, tónsmíði byggð á umhverfi, náttúru, bakgrunni og menningu þátttakenda. Tónsmíði óperunnar „Í Skálholti“. „Stúlka frá Kænugarði“, sterk tenging náttúru og þjóðlaga.
- Endurspeglunaraðferð notuð með hugflæði (imagine methods with a reflect approach) – Nordplus, Stúlka frá Kænugarði og smíði óperunnar „Í Skálholti“.
- Gagnvirk rannsóknarvinna með ígrundun þátttakenda á ferli og framgang verkefnisins á meðan á því stendur (interactive research methods) – Nordplus, tónsmíði „A beautiful song by children“. Rannsóknarvinna óperunnar „Í Skálholti“. Rannsóknarvinna tónleikanna „Stúlka frá Kænugarði“, samvinna, öflun gagna og umræða um lög og efnistösk tónleikanna.

Verkefni sem ég stóð fyrir árið 2007, og hafði mikið með nýja áhorfendur að gera, fékk mig til að hugsa meira í þá veru og hafði sömuleiðis áhrif á ákvörðun mína að fara í NAIP námið. Þá stóð ég fyrir uppsetningu á óperu úti á landi, þ.e. Skagafirði, þar sem hestar eru margfalt fleiri en íbúarnir og tónlistarmenning er mestmegnis tengd kórastarfi. Ópera hafði aldrei verið sett upp og flutt í Skagafirði fram að þessu. Óperan sem ég setti upp var ein af þeim frægustu, La Traviata eftir G. Verdi. Þátttendur voru sambland af atvinnutónlistarmönnum eins og Thomas Higgerson, píanóleikari, Guðrún Ásmundsdóttir leikkona og leikstjóri, Þórhallur Barðason baritónsöngvari auk hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Síðan komu að verkefninu áhugasöngvarar, sumir hverjir í söngnámi og aðrir sem höfðu reynslu af kórastarfi, mismikla þó. Þetta var fólk sem kom úr öllum atvinnugreinum fjarðarsins, bændur, kennarar, verkafólk, háskóla fólk o.fl.

Áskorunin var gífurleg og verkefnin margvísleg sem þurfti að leysa til að setja á svið metnaðarfulla óperusýningu í fullri lengd með kammerhljómsveit. Á frumsýninguna mættu rúmlega 600 manns allstaðar af Íslandi. Eftir þá sýningu voru haldnar nokkrar misviðamiklar sýningar víðs vegar um landið, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli, Blönduósi og Reykjavík.

Á Hvolsvelli var haldin minni sýning í samstarfi við leikfélagið á staðnum, án kórs en með aðstoð nokkurra leikara úr leikfélagi heimamanna. Á sýningu sem var haldin í Sögusetrinu komu um 60 manns. Það sem var áhugavert fyrir mig þá, og núna sérstaklega eftir að hafa rannsakað og kynnt mér „Nýja áhorfendur“, var að á sýninguna kom áhorfandi frá New York. Maðurinn hafði aldrei farið á óperusýningu eða klassíska tónleika þó að hann hafi búið í New York í 50 ár og haft öll tækifæri til þess að sækja heimsklassa viðburði. Sýning fyrir hann, sem hann sótti fyrir slysi – hafði ekkert annað að gera þennan dag - var opinberun að nýjum heimi tónlistar og listforms. Eftir sýninguna kom hann til mín og sagði að hann hefði verið mjög hrifinn og að hann hefði aldrei séð óperusýningu áður. Ég var mjög hissa að heyra að New York búi, með Lincoln Center, Metropolitan óperuna o.fl. rétt við bæjardyrnar hjá sér, hefði aldrei séð óperu. Nokkrum mánuðum síðar fékk ég bréf frá honum þar sem hann þakkaði mér fyrir að hafa opnað fyrir honum nýjan heim óperu og klassískrar tónlistar. Í mínum huga er það ótrúlegt að einhver hafi komið frá New York til lítils staðar á Íslandi, sækja sýninguna mína og verða fyrir þessum langvarandi áhrifum.

Þessi saga og upplifun fékk mig til að hugsa hvernig maður nálgast nýja áhorfendur og geti lært frekar um það í námi.

2. Nordplus verkefnið

Söngskóli Alexöndru tók þátt í tveimur Nordplus verkefnum veturinn 2011-2012 með skólum frá Litháen, Eistlandi og Lettlandi. Verkefnið hét "Nordic Art Involves, Inspires and Unites". Það voru meðlimir úr stúlknaðór söngskólans sem tóku þátt í verkefninu fyrir hönd Söngskóla Alexöndru. Verkefnið sem er kynnt hér sérstaklega er heimsókn nemenda frá Eistlandi og Lettlandi til Íslands vorið 2012. Tekið var á móti nemendum frá þessum löndum og þau sömuleiðis heimsótt. Unnin voru fjölbreytt og skapandi verkefni, m.a. samdi hópurinn eitt lag saman á einum degi í skólabúðunum í Reykjaskóla vorið 2012. Lagið er að finna youtube síðu Alexöndru; www.youtube.com/alexandrachernyshova - A beautiful International song by Children. Lagið er á fimm tungumálum, íslensku, eistnesku, lettnesku, ensku og ítölsku. Settar voru upp vinnusmiðjur í heimsóknunum sem Alexandra leiddi, þar sem hvert land kenndi þjóðlög, þjóðdansa, orð og sögur sem tengjast þjóðlögnum. Sameiginlegir tónleikar voru á Hólum í Hjaltadal, Frístundahúsinu á Sauðárkróki og Miðgarði í Varmahlíð - þar sem frumsamda lagið var flutt. Einnig voru sameiginlegir tónleikar í Eistlandi og Litháen. Að þessu verkefni komu einnig tveir NAIP nemendur, Cornelia Zambila frá Rúmeníu, og Luca Brembilla frá Ítalíu, . Þau tóku þátt í vinnusmiðju sem var í skólabúðunum og síðan á tónleikunum á Íslandi. Tónleikar sem náðu til fjölbreytilegs hóps áheyrenda voru haldnir í Skagfirðingabúð á Sauðárkróki, í kastala í Trakai og í miðbæ Kaunas, Litháen.

3.1. Markmið Nordplus verkefnisins.

Markmið þessa verkefnis voru margþætt, m.a. að skapa og flytja tónverk byggð á þjóðlagaarfi nokkura þjóða og skoða áhrif nátturunnar á þjóðlögin. Unnið var með ýmis hrynmótív og tónefni sem koma úr bæði gamalli og nýrri tónlist, og ný tónlist var samin af þátttakendum smiðjunnar undir leiðsögn höfundar og tónlistarteymis hans. Afraksturinn var fluttur fyrir áhorfendur á tónleikum á Norðurlandi vestra. Einnig flutti hver þjóð sína tónlist á tónleikunum og kynnti þá um leið sína menningu og tónlist. Sú tónlist er þjóðlög frá Litháen, Lettlandi, Eistlandi og Íslandi. Hugmyndin er sú að með því að vera í góðu samstarfi við samstarfsskóla gegnum Nordplus er hægt að ná til breiðs hóps alþjóðalegra áhorfenda. Markmiðið var einnig að auka áhuga yngri kynslóðarinnar á þjóðlagatónlist sinni, þjóðsögum og náttúru Íslands, Litháens, Eistlands og Lettlands með því að endurspeglar sterk einkenni úr

Þjóðlagatónlistinni og færa hana nær nemendum í tíma og áhuga. Einnig er mikilvægt að tónlistarnemendum sé gefið tækifæri til að upplifa hvernig þeir geta, í sameiginlega með alþjóðalegum hópi nemenda, lagt sitt af mörkum með hugmyndir um tónverk og unnið með hugmyndir annara. Vonandi munu þeir þá bæði sjálfir og í sameiningu þjálfast í að búa til sín eigin tónverk út frá sínu áhugasviði seinna meir. Markmiðið var einnig að leyfa söngnemendum á Íslandi að kynnast annarri menningu, fólki og tónlist sem síðar gæti haft áhrif á þá, opnað fyrir þeim ný sjónarmið og skapað reynslu sem nýtist í að verða betri tónlistarmenn og persónur.

3.2. Verkefnisáætlun "Nordic art involves, inspires and unites"

Til þess að verkefnið gæti orðið að veruleika þurfti góða samstarfsaðila á Íslandi og innan Nordplus svæðisins, sem eru Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin. Verkefnið fékk styrk frá Nordplus sem veitir 550 evrur á mann fyrir ferðakostnaði. Þá átti eftir að finna peninga fyrir gistingu, mat og skoðunarferðum. Vorið 2012 tók Söngskólinn á móti nemendum frá tveimur skólum, annars vegar frá Eistlandi og hins vegar frá Lettlandi. Ég fékk mjög góð viðbrögð frá Skólabúðunum í Reykjaskóla, Halldóru og Karli sem studdu verkefnið með því fæða og hýsa 50 börn og kennara frá föstudegi til sunnudagskvölds. Söngskólanemendur og foreldrar þeirra söfnuðu peningum fyrir skoðunarferðum með því að selja m.a. jólaseríur, lakkrís og harðfisk. Hluti af þessum peningum fór í að kaupa merktar flíspeysur Draumaradda Norðursins og líka fyrir íslenska minjagripni handa gestunum. Ákveðið var að nemendur gistu hver hjá öðrum í ferðunum þannig að maturinn og gistingin var á kostnað foreldra hvers gestgjafalands hverju sinni. Vegna þess að fjármögnunin var ekki mikil og peningarnir voru ekki nógu miklir til að fara til Lettlands í síðustu heimsókninni, þá sleppti íslenski hópurinn því að fara til Prjekule í Lettlandi. Öll námskeið og skapandi tónlistarsmiðjur á meðan Nordplus verkefni stóðu yfir voru í sjálfböðavinnu kennara og leiðtoga. Í þessu verkefni og ferðum þurftu íslensku nemendurnir ekki að borga með sér, allur kostnaður var greiddur af Nordplus styrknum og úr söfnunarsjóðnum.

3.3. Tímasetningar heimsókna "Nordic art involves, inspires and unites"

Nordplus verkefnið var fyrir tónlistarnemendur á grunnskólaaldri. Verkefnið snérist um nýsköpun í tónlist með tengingu við náttúru þeirra landa sem tóku þátt. Verkefnin voru metnaðarfull, bæði fyrir nemendur og kennara. Í verkefnunum var m.a.: tónlistarsmiðja (laboratorium), tónsmíðar, lærdóms- og vettvangsferðir og tónleikar.

Verkefnið innihélt fimm heimsóknir, tvær af þeim voru heimsóknir til Íslands þar sem að Söngskóli Alexöndru var gestgjafinn:

- Íslenski hópurinn og lettlenski hópurinn hittust í Eistlandi í október 2011.
- Litháenski hópurinn heimsótti Ísland í október 2011
- Eistlendingar og Lettar hittust á Íslandi í apríl-maí 2012
- Íslendingar og Eistlendingar hittust í Lettland í júlí-ágúst 2012.
- Íslenski hópurinn heimsótti Litháen í mars 2012.

3.4. Tónlistarteymi Nordplus

Teymið sem tók þátt í verkefninu samanstóð af atvinnukennurum og tónlistarmönnum sem eru virkir í tónlistarlífi í sínu landi. Í teyminu voru:

Alexandra Chernyshova (Ísland). Smiðju- og verkefnisleiðtogi, óperusöngkona, söngkennari og tónskáld. Piia Saak (Eistland). Málari og kennari. Tatjana Juskina (Lettland). Kórstjóri, söngvari og kennari. Laima Kaspāreviciene (Litháen). Tónlistarkennari, pianóleikari, kórstjóri og kennari. Luca Brembilla (Ítalía). Gítarleikari, raftónlistarmaður og meistaranemandi í NAIP. Cornelia Zambila (Rúmenía). Fiðluleikari, tónskáld og meistaranemandi í NAIP.

3.5. Fjárhagsáætlun fyrir Nordplus verkefni

Fjárhagsáætlun fyrir tveimur Nordplus verkefnum:

	Flug og ferðak.:	Fj.þáttt.:	Nordplus styrkur:
Þátttakendur:			
Eistland:	807.500 kr.	10	852.000 kr.
Litháen:	1.085.000	14	1.868.000

Lettland:	1.512.500	21	1.868.000
Ísland:	2.000.000	25	2.168.000
Samtals:	4.405.000 kr.		6.756.000 kr.

Þar sem styrkurinn var hærrí en kostnaðurinn þá var hluta af þeim skilað til baka til Nordplus, þ.e. 1.601.000 kr.

3.6. Áætlun fyrir tónlistarsmiðju og tónleikaprógram "Nordic Art Involves, Inspires and unites" í skólabúðunum í Reykjaskóla vorið 2012

Þegar staðfesting lá fyrir hjá öllum þátttakendum um dagsetningu verkefnisins hófst undirbúningur heimsóknarinnar þeirra til okkar. Búin var til dagskrá og kennsluáætlun fyrir námskeiðið sem skiptist í tvo meginhluta, annars vegar tónlistarsmiðju í sundi "Synda og Syngja" eða "S&S" og tónlistarsmiðju í Skólabúðunum í Reykjaskóla þar sem markmiðið var að semja lag um náttúruna, listina, umhverfið og hvað sameinar okkar ólíku þjóðir - Ísland, Lettland og Eistland.

Að skapa, miðla og flytja tónlist er eitt helsta hugarefni höfundar eftir að hafa kynnst skapandi tónlistarmiðlun í Sherimonikoog á vegum Listaháskóla Íslands og síðar á námskeiði hjá Sigrúnu Griffiths frá Guildhall School í London, auk þátttöku í allnokkrum skapandi tónlistarsmiðjum á vegum skólans í gegnum NAIP námið og að hafa fengið tækifæri til að þróa og kenna skapandi námskeið í Skagafirði. Höfundur fannst þess vegna tilvalið að nýta sér reynslu sína í að búa til skapandi tónlistarsmiðju í þeim anda fyrir nemendurna sem tóku þátt í Nordplus verkefninu og í gegnum hana að reyna að kynna og gefa Nordplus þátttakendum tækifæri á að æfa og flytja eigin tónlist byggða á tónlistararfleifi sinni ásamt því að kynna þjóðlagaarfleifi hinna landanna. Tónlistarsmiðjan sem höfundur stóð fyrir og framkvæmdi fól í sér sköpun og að virkja nemendur til að búa til sína eigin tónlist út frá ramma sem höfundur gefur þeim. Höfundur leiðir ferlið og hjálpar til við að sem best tónlist verði til í ferlinu. Það er gert með því að halda utan um og setja saman það skapandi efni sem kemur frá nemendum svo hver vinnulota nái markmiðum sínum, vera tilbúinn að styðja við sköpunarferlið og liðka fyrir samstafinu, hvetja nemendur, stýra vinnustofunum, sjá til þess að allir nemendurnir fái að láta ljós sitt skína í tónverkinu og að meðlimir tónlistarteymisins hafi skýrt hlutverk í vinnustofunum og sinni því að kostgæfni.

Áður en tímaáætlun er gerð þarf höfundur að ákveða umgjörð sköpunarrammans sem nemendur fá til að vinna í ásamt ýmsum markmiðum s.s lengd, tónefni, hrynefni og formi. Samkvæmt upplýsingum frá tengilið Reykjaskólans var hljóðfæraeign skólans ekki mikil svo huga þurfti að því hvernig hægt er að fá sem mest út úr þeim hljóðfærum sem voru í boði og einnig búa til hljóð sem tengjast náttúrunni úr mannsróddinni, líkamanum eða úr hlutum sem Nordplus þátttakendur finna út í náttúrunni í umhverfinu. Verkefni vinnusmiðjunnar í Reykjaskóla var að semja sameiginlegt tónverk. Verkið átti að vera sett upp í fimm hlutum, einhverjir þeirra unnir í sameiginlega í einni heild og aðrir hlutar í smærri hópum. Hins vegar yrði flutningurinn sameiginlegur. Uppbyggingin á verkinu var með þeim hætti að fyrsti hlutinn var inngangur að verkinu í alþjóðlegum anda, hann átti að vera fluttur af öllum þátttakendum. Lokaðátturinn átti líka að vera í alþjóðlegum anda og sameina verkið á ný í lokin. Annar, þriðji og fjórði hluti af verkinu átti að vera skapaður út frá tilfinningum og tónum undir áhrifum íslenskrar náttúru.

Tónlistarsmiðjan í sundi "Synda og Syngja" eða "S&S" er þróunaverkefni í skapandi greinum. Þegar ég flutti til Íslands frá Úkrainu kynnist ég íslenskri sundmenningu sem er mjög áberandi. Það hjálpaði og var mikil hvatning að hafa nýja og glæsilega sundlaug á Hofsósi þar sem við áttum heima, til að skapa ramma fyrir námskeið. Ég hafði ekki áður tekið þátt í námskeiði sem þessu svo ég varð í raun að uppgötva það sjálf í fyrsta skipti. Vatn hefur mikil áhrif á mig hvort sem það er í sundlaug eða í sjó. Þessi skapandi tónlistarsmiðja felur í sér tvö ólík atriði - synda og syngja. Áætlunin var sú að kynna íslensk þjóðlög í íslensku umhverfi - sundi og fá Nordplus þátttakendur til að skapa tónlist í vatninu. Skapandi smiðja sem þessi fer fram í útisundlaugum, þar sem náttúran í kring sést vel. Náttúra er mjög mikilvægt atriði í smiðjunni. Krakkarnir fá að skapa sinn eigin tón og útsetja þjóðlög frá sínu landi með hreyfingum sem henta í vatninu. Höfundur leggur mikið upp úr því í tónlistarsmiðjunni að sköpun og virkni nemenda sé í fyrirrúmi svo þeir geti búið til sína eigin tónlist út frá þeim ramma sem höfundur gefur þeim. Leiðtoginn heldur utan um rammann og setur saman það skapandi efni sem kemur frá nemendum svo vinnustofurnar nái markmiðum sínum innan 10 mínútna. Það er viðmiðið hvað þátttakendur geta verið lengi í vatninu í þessari vinnu.

Fyrsti hluti af tónlistarsmiðjunni fer í æfingar, sem leiðtogi undirbýr fyrir þátttakendur. Í æfingum er lögð áhersla á öndun, raddbeitingu, tón og hreyfingar. Allir þátttakendur taka þátt í æfingunni. Í öðru hluta tónsmiðjunnar er þátttakendum kennd íslensk lög í vatninu. Þátttakendur geta lært texta eftir eyranu eða fá vatnsheld blöð með lagatextum. Í þriðja hluta er komið að því að gera eigin útsetningu af íslenska, lettneska eða eistneska þjóðlaginu (-

lögnum). Í þessum hluta smiðjunnar er hópnum skipt upp til að ná betri árangri. Í fjórða hluta tónsmiðjunnar kemur hópurinn aftur saman og flytur útsetningar sínar. Í fimmta og síðasta hluta smiðjunnar eru afslöppunar- og næringaræfingar í vatni sem eru mjög mikilvægar fyrir líkamann og hugann. Þetta námskeið þarf að vera mjög vel skipulagt með nægan tíma fyrir undirbúning til að vel takist til.

3.7. Tímaáætlun tónlistarsmiðjunnar og tónleikaprógram "Nordic Art Involves, Inspires and Unites" í skólabúðunum í Reykjaskóla

Tíminn sem fór í tónlistarsmiðjuna var fimm klukkustundir á dag í tvo og hálfan dag. Að kvöldi þriðja dags var verkið tekið upp og á fjórða degi æft og flutt fyrir áhorfendur. Góð tímaáætlun var mikilvæg til að hægt væri að búa til og framkvæma verkefni sem þetta svo vel væri og markmiðum um sköpun og virkni þátttakenda, tenging við nærumhverfið og náttúruna og góðan tónlistarflutning væri náð. Því var mjög mikilvægt að tíminn væri vel nýttur. Eftir hverja vinnustofu hélt tónlistarteymið fund þar sem framvinda verkefnisins var metin, hvað gekk vel og hvort einhverju þurfti að breyta til að markmiðin næðust. Einnig var mikilvægt að ræða hlutverkaskiptingu innan teymis, hvort einhverju þurfti að breyta þar til að ásættanlegur árangur næðist. Tónlistarsmiðjan "Synda og syngja" fór fram á einum degi í eina og hálf klukkustund. Smiðjan var haldin á síðasta degi heimsóknarinnar.

3.7.1. Dagur 1

Fyrsti dagurinn fór í að kynnast nemendum og kennurum frá ólíkum löndum og þjappa hópnum saman í heild. Þannig var hægt að átta sig á því og greina hvar þau voru stödd í tónlist. Þá er átt við hvar áhugi þeirra lá í tónlist. Finnst þeim gaman að hlusta á klassík, rokk, popp, jazz, kántrý eða eitthvað annað. Þá var reynt að sjá yfir hvaða hæfileikum og kunnáttu þau bjuggu yfir í tónlist, á hvaða hljóðfæri þau spiluðu, hvort þau gætu búið til hljóð og/eða hljóðfæri úr náttúrulegum efnivið. Gátu þau spunnið og búið til sína eigin tónlist? Vissu þau hvað er spuni er eða höfðu þau reynslu af slíku?

Hópurinn kynnist - 1 klst.

Byrjað er á því að hópurinn sest saman í hring og hver og einn kynnir sig, sitt land og áhugaverð atriði úr eigin menningu og lífi. Hver hópur fær 20 mín. fyrir kynningu.

Hlé -20 mínútur

Hópurinn kynnist betur - 2 klst. (með 20 min. hléi.)

Byrjað er á því að hópurinn sest saman í hring og höfundur kynnir sjálfan sig og markmið smiðjunnar. Svo fá meðlimir tónlistarteymisins og nemendur að kynna sig stuttlega með ákveðnum þáttum. Með stuttlega er átt við að höfundur biður alla aðila inn í hringnum að segja frá afmörkuðum persónulegum og tónlistartengdum atriðum um sjálfa sig líkt og hvað manneskjan heitir, hvert er hennar áhugasvið í tónlist og hvort hún spili á eitthvað hljóðfæri. Ef svarið er já, og hljóðfæri eru til staðar, þá er viðkomandi leyft að spila og/eða syngja eitthvað stutt atriði fyrir kynninguna sína. Þannig er strax hægt að fá nauðsynlegar upplýsingar fyrir framhaldið á námskeiðinu án þess að það taki of mikinn tíma ef hópurinn er stór.

Síðan er farið í hópeflisleiki eins og nafnaleik, hreyfingaleik, sokkaleik og hljómaleik. Svo er skipt í smærri hópa innan stóra hópsins og farið í stutta tónsmiðju - hver hópur semur sitt eigið lag úr nöfnunum, hreyfingunum og hljómunum þeirra. Síðan flytur hver hópur sitt lag fyrir hina hópana.

3.7.2. Dagur 2

Á öðrum degi er lögð áhersla á sköpun og frumkvöðlastarf. Á þessum degi hefst vinnan við að semja sameiginlegt lag. Í lagasmíðinni er lögð áhersla á náttúru landsins. Farið er í fjöru skammt frá skólalabúðunum í Hrútafirði, krakkarnir beðnir um að finna hluti sem þeim finnst merkilegir. Þegar lagið er samið er unnið út frá þeim tilfinningum og náttúruáhrifum sem hlutirnir hafa á nemendurna, fyrst í hópum og síðan saman eftir því með hvaða hluta lagsins er verið að vinna með.

Upphitun og rætt um verkefnið - 1 klst.

Byrjað er á því að hópurinn stendur í hring og gerir nokkrar upphitunaræfingar. Hér er gert ráð að því að einn leiðtogi frá hverju landi komi með sínar upphitunaræfingar sem þeir hafa undirbúið áður. Æfingarnar eru gerðar með öllum hópnum í sama rými. Gott er að gera smá hlé á milli æfinga áður en næsti leiðtogi tekur við.

Fjöruferð - 1 klst.

Allir fara í fjöruferð, og skipt er í litla hópa. Í hverjum hóp er einn tónlistarmaður og einn leiðtogi. Leiðtoginn skipuleggur fjöruferðina með tilliti til þess hvað hópurinn vill gera. Hver

hópur fær fötu fyrir þá hluti sem hann finnur í fjörunni. Það geta t.d. verið steinar, þang, gler eða bein af fuglum og fiskum.

Hóparnir hittast og kynna þá hluti sem þeir finna - 1 klst.

Allir hóparnir koma saman, setjast í hring og segja frá hlutunum sem þeir fundu í fjörunni. Krakkarnir segja af hverju þeir völdu sína hluti, hvað er merkilegt við þá og af hverju þeir völdu þá en ekki aðra.

Matarhlé - 1,5 klst.

Tónlistarsmiðja í litlum hópum - 1 klst.

Þátttendum er skipt í nokkra hópa sem fara í stutta tónsmiðju. Þar eiga þeir að semja eigið lag og texta. Hóparnir eru fámennir og í hverjum hóp er einn leiðtogi sem hefur það hlutverk að leiða og hvetja krakkana í sköpuninni. Krakkarnir eiga að búa til laglínu og texta. Textinn getur verið á þeirra eigin móðurmáli. Að lokum koma hóparnir saman og sýna hinum hvað þeir eru búnir að gera.

Tónlistarsmiðja, allir saman - 1 klst.

Þátttakendur eiga allir saman að semja byrjunina á verkinu, sem fjallar um okkar þema og á að sameina hugmyndir frá öllum. Nemendurnir koma með hugmyndir af takti, texta og laglínu. Leiðtogi ákveður hvað af þessum hugmyndum á að nýta og hvað ekki. Þegar búið er að ákveða hvernig byrjunin á að vera þá er næsta skref ákveðið saman og síðan koll af kalli. Mikilvægt er að hlusta á krakkana og skoðanir þeirra um lagið og framvindu þess.

Hlé - 20 mínútur

Tónlistarsmiðja í litlum hópum - 1 klst.

Hver hópur æfir sinn hluta af laginu sem er skipt upp í áður nefnda fimm hluta. Þátttakendur æfa sinn hluta vel, bæði rödd og undirspil.

3.7.3. Dagur 3

Upphitun og upprifjun - 30 mínútur

Byrjað er að ræða stuttlega um það sem búið er að gera og svo er farið í upphitun. Tekinn er léttur hreyfileikur þar sem hópurnir dreifir sér um rýmið og hver einstaklingur á að finna sér tvo aðra einstaklinga í hópnum og staðsetja sig þannig að bilið á milli þeirra þriggja myndi jafnarma þríhyrning. Svo er farið í leik þar sem hver og einn gefur frá sér sitt hljóð og svo eiga allir að loka augunum og velja sér eitthvað hljóð annað en sitt eigið og reyna að fikra sig í áttina að því.

Æfingar á hópahlutunum - 30 mínútur

Nú er skipt upp í hópana og þeir fá tækifæri til þess að æfa sitt efni. Meðlimir tónlistarteymisins skipta sér niður á hópana og aðstoða við æfingaferlið.

Umræður um uppsetningu og framkomu á hljóðupptöku og tónleikum - 30 mínútur

Í lok tímans er rætt við nemendurna um hvernig þeir vilji hafa uppsetninguna og framkomu hljómsveitarinnar, bæði í hljóðupptöku og á tónleikunum. Spurt er hvernig nemendurnir sjái fyrir sér tónleikana t.d. hvort þeir vilji gera eitthvað meira á tónleikunum en aðeins koma fram sjálfir.

Matarhlé - 1,5 kl.

Upptaka á laginu – 90 mín.

Upptaka fer fram í íþróttasalunum og er lagið tekið upp með öllum í einu (live), og hver hluti lagsins tekinn upp tvisvar. - 2 klst.

3.7.4. Dagur 4

Upphitun - 30 mínútur

Tekinn er léttur hreyfileikur, öndunarleikur og hljómaleikur.

Upprifjun og æfing á verkinu - 30 mínútur

Nú er komið að tónleikadegi. Eftir að búið er að fara stuttlega yfir formið á verkinu er farið beint í að æfa það. Fyrst eru spilaðir þeir kaflar sem allir spila í líkt og deginum áður. Þegar búið er að spila alla hlutana yfir er skipt upp í minni hópana og þeir fá tækifæri til að rifja upp og æfa sína hluta.

Framkvæmd og kynning á tónleikunum - 30 mínútur.

Krakkarnir syngja og kynna tónleikana í Skagfirðingabúð sem er stærsta verslunin í Skagfirði. Með þeim hætti fá þeir tækifæri á því að æfa flutninginn fyrir framan áhorfendur og um leið kynna verkið fyrir nýjum áhorfendum. Söngverkið "Nordic art involves, inspires and unites" er flutt í búðinni alveg eins og það verður flutt á tónleikanum með öllum hljóðfærum og söngvurum.

Lokarennslí fyrir tónleika

Síðasta rennslí og fínþússing fyrir tónleikana á tónleikastaðnum. Rætt um framkomu á sviði og viðeigandi klæðaburð ásamt stundvísi og að bjóða sem flestum að koma.

Tónleikar

3.7.5. Dagur 5

Upphitun og umræða - 30 mínútur

Byrjað er að ræða stuttlega um það sem gerðist á tónleikanum og svo er farið í upphitun. Þá er rætt stuttlega um hvers konar tónsmíðja verður eftir upphitunaræfinguna.

Tónsmíðja í sundi - 90 mín.

Fyrst er upphitun í sundi - 15 mínútur

Farið vel yfir öndunaræfingar og hoppæfingar í sundi. Svo er farið yfir raddæfingar með áherslu á hreyfingar.

Íslensk þjóðlög lærd í sundi - 15 mínútur

Farið er yfir lög eins og „Sá ég spóa“, „Krummi krunkar úti“ og „Sofðu unga ástin mín“.

Öll lögin eru sungin með hreyfingum í vatni. Sérstaklega er lagt upp með að halda takti í tveimum fyrstum lögunum.

Tónlistarsmíðja í litlum hópum - 15 mínútur

Nemendurnir gera sína eigin útsetningu af íslensku, lettlesku eða eistlensku þjóðlagi (-lögum). Í þessum hluta er hópnum skipt upp í smærri hópa til að ná betri árangri.

Tónlistarsmíðja í stórum hópum - 15 mínútur

Hver hópur á nú að sýna hinum hópunum lögin sem þeir eru búnir að útsetja.

Afslöppun og næringaræfingar - 15 mínútur

Siðast er afslöppun og næringaræfingar í vatni sem eru mjög mikilvægar fyrir líkama og huga. Ein af æfingunum er að hver krakki liggur í vatninu í stöðu stjörnu. Svo eiga þeir að finna smá saman hvernig allir líkamshlutarnir í líkamanum verða mjög léttir og hugurinn fer að ferðast yfir í annan heim. Kennari á að vera sérstaklega vakandi í síðasta hluta tónsmiðjunnar. Nauðsynlegt að hafa tvo eða þrjá fullorðna á meðan tónsmiðjan í sundi er í gangi.

3. Tónleikarnir „Stúlka frá Kænugarði“

Tónleikar sem Alexandra setti upp í Hörpu, Reykjavík 17. mars 2013. Á efnisskrá voru eingöngu úkraínsk þjóðlög, sum hver frá 16. öld. Þessi lög eru venjulega sungin án undirleiks eða með undirleik á Kobza sem er gamalt þjóðlegt úkraínsk hljóðfæri. Undirbúningur tónleikana fól í sér rannsóknarvinnu í Úkraínu á úkraínskri menningu og þjóðlögum. Þjóðlegur úkraínskur kjóll var gerður sérstaklega fyrir þessa tónleika. Samhliða tónleikunum var matarmenning Úkraínu kynnt en að þeim loknum var hægt að bragða á rauðrófukjotsúpu - Borch með úkraínsku brauði - Pampushli. Samvinna var við Guðrúnu Ásmundsdóttur um kynningu á lögum þar sem lagt var upp með tengingu menningarheima Íslands og Úkraínu, hvað er líkt og hvað er ólíkt út frá innihaldi laganna. T.d. komu Víkingar og Kósakar talsvert við sögu. Auk þess var samvinna við Jónínu Ernu Arnardóttur píanóleikara sem lék undir á tónleikunum. Alexandra kenndi tónleikagestum eitt úkraínsk lag á tónleikunum - Ti z mene pidmanula / Þú sveikst mig. Reynt var með tónleikunum að kynna fyrir Íslendingum úkraínska menningu og um leið fá nýbúa búsetta á Íslandi frá Austur Evrópu á tónleikana. Boðið var upp á minjagripa frá Úkraínu sem tónleikagestir máttu eiga - Little piece of Ukraine. Tónleikarnar voru einnig fluttir á Þjóðlagahátíð á Siglufirði sumarið 2012 og á Hólum í Hjaltadal sama sumar. Tónleikarnir á Siglufirði voru teknir upp bæði af útvarpi og sjónvarpi - RÚV. Dagskrá frá tónleikunum hefur þegar verið útvarpað.

4.1. Markmið tónleikanna "Stúlka frá Kænugarði"

Markmið þessa verkefnis voru margþætt, m.a. að vekja athygli íslenskra áheyrenda á jafnt þekktri sem óþekktri úkraínskri tónlist og auk þess að höfða til nýbúa frá Úkraínu, Rússlandi, Póllandi, Litháun, Lettlandi, Eistlandi, Hvíta Rússlandi, Rúmeníu og Moldavíu á Íslandi með skemmtilegri kynningu og óvenjulegum áherslum. Annað markmið var að sýna fjölbreytt sjónarhorn á úkraínskri þjóðlagatónlist byggða á rannsóknum og útsetningum á úkraínskum lögum. Rannsóknarvinnan fór fram í Úkraínu. Síðast en ekki síst var markmiðið að kynna úkraínska matarmenningu fyrir Íslendingum og ná með því meira sambandi og betri tengingu við nýjan áhorfendahóp. Markmiðið var líka að þróa nýjar hugmyndir um kennslu á ókunnri tónlist á erlendu tungumáli á tónleikunum. Á tónleikunum var áhorfendum kennt eitt frægasta þjóðlag Úkraínu - Ti z mene pidmanula, Þú sveikst mig, - bæði laglínan og textinn.

4.2. Tónlistarteymið í "Stúlka frá Kænugarði"

Teymið sem tók þátt í verkefninu samanstóð af atvinnutónlistarmönnum og listamönnum sem eru virkir í tónlistarlífi á Íslandi: Í því voru Alexöndra Chernyshova óperusöngkona, Guðrún Ásmundsdóttir, sögumaður, leikkona og rithöfundur og Jónína Erna Arnardóttir, píanóleikar og tónlistarkennari.

4.3. Verkefnisáætlun tónleikanna "Stúlka frá Kænugarði"

Verkefnið felur í sér sköpun og miðlun, í samstarfi við listamenn í ýmsum listgreinum. Löggin sem sungin voru, eru í útsetningum frægra úkraínskra tónskálda á borð við Lisenko, Ljatoshinskiy, Zjaremba, Chisko, Verevki og Kaufmana.

Undirbúningurinn hófst fyrir tveimur árum með rannsóknarvinnu í Úkraínu þar sem fundirn voru þau lög sem hentuðu best og þóssuðu við þema tónleikana. Leitað var eftir úkraískum þjóðlögum sem tengjast úkraínskri náttúru og úkraískum tilfinningum. Þegar lagalistinn var kominn, þá tók við önnur rannsóknarvinna í nótnabókasafninu bæði í Kiev og Odessa. Auk þess sem internetið var notað og hjálp vina í tengslaneti nýttist einnig vel. Samhliða þessari vinnu þá var hannaður kjóll fyrir tónleikana sem er í þremur þjóðarlitum Úkraínu. En þeir eru - svartur fyrir dauðann, hvítur fyrir lífið og rauður fyrir ástina.

Undirbúningur fyrir tónleikana í Hörpu hófst í janúar á þessu ári með æfingum Alexöndru og Jónínu Ernu. Síðar í ferlinu kom Guðrún Ásmundsdóttir að verkefninu, textar lagana voru þýddir af Alexöndru og Guðrún bjó síðan til kynningar í kringum textana í samráði við Alexöndru. Í lok febrúar og í byrjun mars hófst markaðs- og kynningarstarf fyrir tónleikana. Verkefnið var kynnt í fjölmiðlum með greinum og viðtölum. Einnig voru gefin út veggspjöld sem voru hengd upp víðsvegar á Vesturlandi og á höfuborgarsvæðinu, þá sérstaklega í tónlistarskólum. Einnig var samfélagsvefurinn facebook nýttur til hins ýtrasta til að kynna verkefnið - <https://www.facebook.com/#!/pages/DreamVoices/165679732970>.

Einnig var tekið upp stutt kynningarmyndband um tónleikana og þátttakendur á þeim - http://www.youtube.com/watch?v=OZ_Izq88Kaw&list=PLB050E039BFEC5FCC&index=1
4.

Sett var upp fjárhagsáætlun í upphafi verkefnisins sem tók breytingum fram að tónleikadegi. Samvinna var við Hörpu um framkvæmd tónleikana og kokkana á veitingastaðnum sem bjó til súpuna og brauðið. Alexandra útvegaði þeim uppskrift af hvoru tveggja. Alexandra stýrði

öllum undirbúning tónleikana í samráði við þá aðila sem komu að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

Tónleikarnir voru síðan rúm klukkustund í flutningi. Að þeim loknum bauðst gestum að smakka kjötrauðrófusúpunni með úkraínsku brauði – pampushki (sjá uppskrift í fylgiskjölum). Tónleikarnir voru teknir upp á myndband og á youtube síðu Alexöndru er hægt að sjá bæði kynningarefni fyrir þá og nokkur lög frá tónleikunum: <http://www.youtube.com/watch?v=KTtDoPh5imQ>

4.4. Fjárhagsáætlun „Stúlka frá Kænugarði“

Tónleikar í Hörpu, Kaldalóni

Kostnaður:

Húsaleiga, Kaldalón:	130.000 kr.
Kjöll Alexöndru í þjóðlitum Úkraínu:	100.000
Kynnir:	30.000
Markaðs- og kynningarkostnaður:	30.000
Myndataka- og myndbandauppt. á tónl.:	40.000
Tónlistarmenn:	100.000
Kostnaður samtals:	430.000 kr.

Tekjur:

Miðasala:	150.000 kr.
Eigið framlag:	280.000
Tekjur samtals:	430.000 kr.

Ljóst er að kostnaður var meiri heldur en tekjurnar á tónleikunum og skýrist það helst á því að enginn styrkur fékkst í verkefnið og aðstaðan í Hörpu er mjög dýr. Hins vegar var það ljóst þegar lagt var upp í þetta verkefni að eigið framlag yrði töluvert og var það aldrei markmið í sjálfu sér að hagnast á tónleikunum.

4.5. Efnisskrá tónleikanna

Efnisskrá með stuttri þýðingu úr úkraínsku textunum.

1. Oy ja divchina Poltavka - úkraínsk tþjóðlag, útsetning eftir Mikola Lisenko frá þjóðóperunni "Natalka Poltavka".

Ég er stúlkan Natalka frá Poltava, borg í Úkraínu. Tónskáldið Mikola Lisenko er eitt frægasta tónskáld Úkraínu. Hann gerði óperu með því að nota úkraínska þjóðsögu og gera útsetningar af lögum frá 16 öld með nýjum hljóðum, en hann lét textann og laglínuna halda sér. Þessi aría er um stúlku sem heitir Natalka sem er ástfangin af stráki sem heitir Petro. Hún syngur um ást og vill ekki annan mann en Petro og skiptir engu máli þó það séu margir að horfa á hana eða að berjast um ástir hennar, hún elskar aðeins Petro og vill aðeins hann.

2. Tiho nad richkoju - úkraínskt þjóðlag í útsetningu Grigoriy Verjovka.

Það er rólegt yfir ánni. Lagið er mjög rólegt og þið getið ímyndað ykkur fallega á um tunglskinsbjarta nótt. Tunglið er að segja okkur ævintýri. Fallegar stjörnur speglast í ánni, allt er rólegt og kyrrt.

3. Nich jaka misjachna - úkraínskt þjóðlag.

Nótt með tunglinu. Það er svo bjart þessa sumarnótt svo ég get alveg farið að tína laufblöð af trjánum. Komdu elskan mín. Þú ert þreytt eftir vinnuna, komdu í eina mínútu til mín. Við sitjum saman undir fallegu kirsjuberjatré, hér erum við bæði. Sjáðu, þarna eins og silfuralda kemur þokan. Stjörnurnar á himninum eru óteljandi. Þetta er guðdómlega fallegt. Döggin leikur sér á trjánum. Þetta er rómantískt lag sem er eins og draumur.

4. Gandzja - úkraínskt þjóðlag.

Gandzja - er úkraínskt kvemansnafn. Það er ekkert í heiminum eins fallegt og Gandzja. Gandzja er svo góð, Gandzja er svo sæt, Gandzja er stúlka mín, Gandzja er fuglinn minn, Gandzja er gullfiskurinn minn, Gandzja er svo ung og falleg. Þegar hún horfir á mig verður hjartað mitt eins og deyjandi blóm, og þegar hún byrjar að tala við mig - þá veit ég ekki hvað ég á að gera. Gandzja vilt þú ekki vera hrædd við mig, viltu koma til mín og knúsa hjartað mitt, og vertu ekki hrædd við neitt.

5. Spat meni ne hochetsja - úkraínskt þjóðlag í útsetningu Oles Chishko

Mig langar ekki að fara að sofa. Mig langar ekki að fara að sofa, draumurinn tekur mig ekki. Af því það er enginn sem getur knúsað mig svona unga og sæta. Ég myndi elska þann mann sem elskar mig, sem hefur hjartað mitt. Ég ætla að fela mig í húsi, og enginn á að finna mig. Ef hann finnur mig í húsinu, þá finnur hann mig hvar sem er. Sá sem finnur mig verður elskan mín. Ég verð mjög góð við hann, ætla að elda Vareniki og baka lummur með hunangi. Þú situr nálægt mér, við erum eins og tvö tré saman. Hæ!, tónlistarmenn, komið hingað og spilið fyrir okkur eitthvað skemmtilegt! Ég er að fara að dansa gopak, af því ég er þannig stúlka.

6. Stojit gora visokaja - úkraínsk stjóðlag í útsetningu N. Skorobogatko

Parna er hátt fjall. Það eru mjög há fjöll þarna, undir fjöllum er grænt svið. Það er eins og þar sem ég er á himnum. Þar eru þrjú tré, sem eru nálægt á, og líta sorglega út. Þau standa þarna og hugsa, hvort vorið kemur aftur, og þau hugsa um æskuna sem kemur aldrei aftur, æskuna sem kemur aldrei aftur.

7. Divljus ja na nebo - úkraínsk stjóðlag í útsetningu B. Zarembi.

Ég horfi á himinn. Ég horfi á ský og hugsa. Af hverju er ég ekki fugl? Af hverju get ég ekki flogið? Af hverju gafstu mér ekki vængi Guð? Þá myndi ég fara frá jörðinni og fljúga til himna. Langt frá svarta himninum, langt frá jörðinni, myndi ég leita örlaga minna, ég myndi leita kærleikans hjá sólinni og hjá stjörnunum, leita örlaga minna.

8. Oy zagrayte musiki - úkraínsk stjóðlag í útsetningu Konstantin Mjaskov.

Þið verðið að spila tónlistarmenn. Eg er með nýja skó. Viljið þið byrja að spila fljótt, af því ég get ekki beðið eftir að fara í dans. Truflið mig ekki, mig langar í gleði, ég ætla að stíga á mitt brotna hjarta, mig langar ekki að vita um hann lengur. Hæ, tónlistarmenn, aðeins hraðar, ef þessi skór verða ónýtir, þá fæ ég mér aðra skó. Mig langar að allir óvinir minar viti hvernig ég er í gleðinni, hvernig ég dansa. Og ég á ekki bara eitt par af skóm, ég á mörg pör af skóm til að dansa eins lengi og mig langar. Ég á líka glænýja skó, ég er ekki hrædd við neinn, og ég er sjálfri mér nóg. Hæ, tónlistarmenn aðeins hraðar með tónlistina, mig langar svo mikið í gleði, í partý! Núna get ég slakað á, á morgun ætla ég að vinna! Á morgun ég ætla að vinna, ekki í dag.

9. Ti z mene pidmanula, ti z mene pidvela - úkraínsk stjóðlag. – Allir syngja með.

Þú sveikst mig, þú sveikst mig. Kósaki er að spyrja úkraínska stelpu hvort hún vilji fara með honum á stefnumót. Hann spurði á mánudaginn hvort hún vildi koma, hún sagði já, en kom samt ekki. Þá spurði hann aftur á þriðjudaginn og hún sagði já, en kom samt ekki þá. Þannig spurði hann á hverjum degi og á hverjum degi fékk hann sama svarið og sömu viðbrögðin. Hún er sveik hann og hún kom ekki á stefnumótin. Þetta er grínlag og eitt skemmtilegasta og vinsælasta lagið í Úkraínu. Þetta lag er sungið tvíradda, karlar og konur.

10. Oy u poli tihiy vitjer vije - úkraínsk stjóðlag, útsetning B. Ljatoshinskiy.

Það er mjög hægur vindur. Kósaki er að sá hveiti. "Heyrðu, kósaka gaur, geturðu hjálpað mér?, Hvar er vegurinn sem liggur að vegamótunum?" "Hei stelpa!, ef þú veist ekki um veginn, þá átt þú ekki að kalla mig gaur. Þá átt þú að spyrja mig fallega. Eitthvað á þessa leið. „Viltu segja mér kæri kósaki, hvar er vegurinn?“ „Í hvaða átt, elsku kósaki er vegurinn“.

11. Dniprovij vals - ljóð og tónlist eftir úkraínska tónskáldið V. Kurinskiy.

Dniprovii vals. Vals, vals, vals, Dnjepr áin er að leika. Vals, vals, vals, alveg eins og fluga sem er að fljúga. Aftur fæ ég fiðrildi í hjartað, aftur kemur vor. Vals, vals, vals. Mjúk ævintýralega blóm, Vals, vals, vals. Aftur dreymir mig og draumarnir mínir eru eins og svanir. Aftur og aftur kemur vor og við ætlum að minnast fallelgra stunda. Þessi vals á að gefa okkur til baka dularfulla æskuna. Sólin er án landamæra. Kisuberjatré. Stjórnur af draumum okkar.

Hér fyrir neðan er úkraínska þjóðlagið "Þú sveikst mig - Ti z mene pidmanula, ti z mene pidvela", sem áhorfendum á tónleikunum var kennt að syngja.

Úkraínskt þjóðlag "Þú sveikst mig - Ti z mene pidmanula, ti z mene pidvela",

Erindi – Alexandra syngur:

Ти казала в понеділок	Ti kazala v ponedilok,
Підем разом по барвінок.	Pidem rasom po barvinok.
Я прийшов тебе нема,	Ja priyshov tebe nema,
Підманул, підвела.	Pidmanula, pidvela.

Viðlagið - Karla syngja:

Ти ж мене підманула,	Ti z mene pidmanula,
Ти ж мене підвела,	Ti z mene pidvela.
Ти ж мене молодого	Ti z mene molodogo
З ума-розуму_ звела.	Z uma rosumu svela.

Konur syngja:

Я ж тебе, Я ж тебе підманула,	Ja z tebe, Ja z tebe pidmanula,
Я ж тебе, Я ж тебе підвела,	Ja z tebe, Ja z tebe pidvela,
Я ж тебе, Я ж тебе молодого	Ja z tebe, Ja z tebe molodogo,
З ума-розуму_ звела.	Z uma rozumu svela.

Erindi – Alexandra syngur:

Ти казала у вівторок	Ti kazala u vivtorok
Поцілуєш разів сорок	Pozilujesh raziv sorok
Я прийшов тебе нема,	Ja priyshov tebe nema,
Підманула, підвела.	Pidmanula, pidvela.

Viðlagið - Karlar syngja:

Ти ж мене підманула,	Ti z mene pidmanula,
----------------------	----------------------

Ти ж мене підвела,
Ти ж мене молодого
З ума-розуму_ звела.

Ti z mene pidvela.
Ti z mene molodogo
Z uma rosumu svela.

Konur syngja:

Я ж тебе, Я ж тебе підманула,
Я ж тебе, Я ж тебе підвела,
Я ж тебе, Я ж тебе молодого
З ума-розуму_ звела.

Ja z tebe,Ja z tebe pidmanula,
Ja z tebe,Ja z tebe pidvela,
Ja z tebe,Ja z tebe molodogo,
Z uma-rozumu svela.

Allir: Hey!

4. Óperan „Í Skálholti“

Óperan "Í Skálholti" er frumsamin ópera í fullri lengd í tveimur þáttum, leikin og sungin á íslensku. Óperan er um Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskupsdóttur, ævi hennar og örlög og vináttu hennar og Hallgríms Péturssonar prests og sálmaskálds. Tónlistin er fyrir ellefu einsöngvara og sex hljóðfæraleikara, kvennakór, karlakór og blandaðan kór. Óperan er samvinnuverkefni Alexöndru, Guðrúnar Ásmundsdóttur og Rúnars Kristjánssonar, ljóðskálds.

- Tónlist er eftir Alexöndru Chernyshovu.
- Höfundur að handriti er Guðrún Ásmundsdóttir.
- Ljóðahöfundar eru Rúnar Kristjánsson, Guðný frá Klömbrum, Daði Halldórsson og Hallgrímur Pétursson.

Nýsköpunargildi óperunnar felst í nálgun sögunnar, þ.e. vináttu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Hallgríms Péturssonar. Söguþráðurinn er byggður á rannsóknum Alexöndru og Guðrúnar. Óperan var fyrst kynnt í verkefninu "Johann Sebastian Bank on the beach" þar sem áhorfendur voru starfsmenn og viðskiptavinir Landsbankans í Reykjavík. Í tónlistina blandast umhverfis- og náttúruhljóð sem Alexandra tók upp. Á námskeiði á Ísafirði lærði Alexandra tæknina við að taka upp umhverfishljóð - Ómar náttúrunnar. Klukkurnar í óperunni er upptaka af klukkum Hóladómkirkju í Hjaltadal. Upptaka á tveimur lögum fór fram í Síurlandi vorið 2013. Kynning á óperunni fór fram í Þjóðmenningarhúsinu 13. maí í góðri samvinnu við fjölda atvinnusöngvara og hljóðfæraleikara. Þar var verkefnið kynnt og lög úr óperunni sungin og leikin.

5.1. Markmið óperunnar "Í Skálholti"

Markmið þessa verkefnis eru margþætt eins og í hinum tveimur verkefnum. Fyrst og fremst var markmiðið að skapa tónverk - nýja óperu sem byggð er á sannri sögu og rannsóknum höfundar - Alexöndru Chernyshovu, Guðrúnar Ásmundsdóttur og Rúnars Kristjánssonar. Annað markmið var að finna nýtt sjónarhorn á þekktu sögu sem gerðist fyrir 400 árum síðan og koma skilaboðum í gegnum óperuna "Í Skálholti" til mismuandi kynslóða í nútímanum. Markmiðið var líka að eiga góða samvinnu við ólíkt lista- og tónlistarfólk sem kom að þessu verkefni með ýmsum hætti. Aðferðarfræði Starfendarannsókna nýttist vel í þessu verkefni þar sem verkefnið var í raun samið og þróað með tónlistarfólkinu og tók

breytingum í ferlinu á leið til kynningarinnar í Þjóðmenningarhúsinu. Sú umræða og faglega gagnrýni sem kom fram hjá tónlistarfólkinu fékk höfunda til að endurskoða eigin verk með það fyrir augum að gera það betra. Síðast en ekki síst var markmiðið að búa til og þróa nýja tónlist óperunnar sem geymir sterk áhrif frá íslenskri þjóðlagatónlist og sömuleiðis frá úkraínski þjóðlagatónlist. Að þróa nýtt hljóð í óperunni sem tengir saman menningararf tveggja landa í einu tónlistarverki - óperunni "Í Skálholti"

5.2. Verkefnisáætlun kynningarinnar á óperunni "Í Skálholti"

Verkefnið felur í sér sköpun og miðlun, í samstarfi við listamenn í ýmsum listgreinum. Guðrún skrifaði textann en Alexandra tónlistina. Verkið dregur einkum fram vináttu Ragnheiðar og Hallgríms Péturssonar prests og sálmaskálds. Teymið sem tók þátt í verkefninu samanstóð af atvinnu tónlistarmönnum og listamönnum sem eru virkir í tónlistarlífi á Íslandi og í Evrópu. Vefsíða óperunnar: <http://www.facebook.com/OperaiSkalholti>.

Áætlun og verkferil skiptist í fjögur þrep:

- Undirbúning
- Áætlanagerð
- Æfinga-og kynningarferli
- Mat og uppgjör á verkefninu - kynning á óperunni "Í Skálholti"

Á undirbúningsferlinu þá átti sér stað rannsóknarvinna, handritsgerð og tónlistarsköpun. Óperan samín, nótur prentaðar, hljóðupptaka á tveimur lögum fór fram og æfingar og framkvæmd kynningarinnar æfð.

Í áætlunargerðinni eru lögð fram drög að fjárhagsáætlun. Æfingaplan sett upp, þátttakendur fundnir og gerður við þá samningur (í orðum) fyrir kynningu. Tengslanetið sett upp. Markaðs- og kynningarplan sett upp.

Æfinga- og sýningarferli. Æfingaplan sett upp og sýning skipulögð. Kynningarefni útbúið samhliða æfingarferlinu.

Mat á verkefninu og uppgjör á því. Fjárhagslegt uppgjör og skýrsla gerð um verkefnið.

Kynning á verkefninu fór fram 13. maí 2013 kl. 20:00 í Þjóðmenningarhúsinu. Höfundur að handriti er Guðrún Ásmundsdóttir. Ljóðahöfundar eru Rúnar Kristjánsson, Guðný frá Klömburum, Daði Halldórsson, Hallgrímur Pétursson.

5.3. Fjárhagsætlun „kynning á óperunni – Í Skálholti“

Kynning á óperunni „Í Skálholti“ í Þjóðmenningarhúsinu

Kostnaður:

Eftirpartý fyrir þátttakendur:	15.000 kr
Húsaleiga, Þjóðmenningarhúsið:	0
Markaðs- og kynningarkostnaður:	5.000
Myndbandsupptaka á kynningu og eftirvinnsla:	40.000
Stjórnendur – hljómsveitarstjóri – önnur stjórnun:	100.000
Söngvarar og hljóðfæraleikarar, kynning og upptaka:	700.000
Upptaka í Sýrlandi á tveimur lögum:	80.000
Kostnaður samtals:	940.000 kr.

Tekjur:

Eigið framlag:	240.000 kr.
Framlag annarra:	700.000
Tekjur samtals:	940.000 kr.

5.4. Tónlistarteymið í kynningu óperunnar "Í Skálholti"

Teymið sem tók þátt í verkefninu samanstendur af atvinnu tónlistamönnum og listamönnum.

Sögumaður: Guðrún Ásmundsdóttir

Stjórnandi og hljóðfæraleikarar:

- Hljómsveitarstjóri: Hilmar Örn Agnarsson
- Harpa: Monika Abendroth
- Fiðla: Hildigunnur Halldórsdóttir
- Selló: Sigurður Halldórsson
- Flauta: Emilía Rós Sigfúsdóttir
- Slagverk: Eggert Pálsson
- Píanó: Einar Bjartur Egilsson

Söngvarar:

- Brynjólfur biskup: Kristján Jóhannsson
- Hallgrímur Pétursson: Eiríkur Hreinn Helgason

- Ragnheiður Brynjólfsson: Alexandra Chernyshova
- Ragnheiður yngri: Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
- Margrét, móðir Ragnheiðar: Elsa Waage
- Stúlka nr. 1: Ísabella Leifsdóttir
- Stúlka nr. 2: Hanna Þóra Guðbrandsdóttir
- Stúlka nr. 3: Moa Guðjónsdóttir
- Kór, karlsöngvarar: Voces Thules.

Tækniamaður: Luca Brembilla

5. Tenging við námið og helstu niðurstöður

Rannsóknarspurningarnar mínar sem ég lagði upp með í þeim verkefnum sem ég hef framkvæmt í náminu eru eftirfarandi; Hvernig get ég sem klassísk óperusöngkona nýtt mér námið í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi til að þróa nýjar hugmyndir og framkvæmt, þó að þær séu byggðar á gömlum grunni? Hvernig get ég með víðtæku og með alþjóðlegu samstarfi náð til nýrra áhorfenda?

Niðurstaða mín er sú að mér hefur tekist að nýta mér námið við LHÍ til að víkka sjóndeildarhring minn sem klassísk óperusöngkona, fara út fyrir þægindarammann minn í tónlistinni, nálgast tónlistarnemendur með öðrum hætti og þau verkefni sem ég vinn með þeim þannig að sköpun, virkni og nýsköpun séu í öndvegi. Mér hefur einnig tekist að útfæra verkefni sem byggja á gömlum grunni t.d. eins og þjóðlagatónleikana og smíði óperunnar „Í Skálholti“ þar sem nýsköpunin felst m.a. í samstarfi, framsetningu og nálgun til áhorfenda. Hér fyrir neðan fer ég betur yfir hvert og eitt verkefni og útskýri hvað tókst og hvað tókst ekki út frá rannsóknarspurningunum mínum.

Aðferðafræði Starfendarannsókna nýttist mér vel í þessum verkefnum en þar er ég að rannsaka það sem ég er persónulega að vinna að og er þátttakandi í, starfendarannsókn felur í sér athugun og mat sem byggir á gagnrýninni ígrundun og athugasemdum samstarfsaðila, á meðan rannsóknarferlið stendur yfir er stöðugt verið að leita eftir breytingum sem þróa og bæta verkefnið. Tilgangurinn með starfendarannsókninni er að skilja betur verkefnin hverju sinni og ná betri árangri með sterkari og faglegru vinnubrögðum.

Nordplus verkefnið var alþjóðlegt samstarfsverkefni söng- og tónlistarskóla. Í verkefninu var sett upp nýsköpunarverkefni sem gerði ráð fyrir þátttöku allra nemenda og kennara – samið var lagið A Beautiful song by Children og tók það á öllum þáttum námsins – sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi. Nemendurnir sömdu lag sem var tengt menningu hvers þátttökulands, náttúru nærumhverfisins, tilfinningum, bakgrunni og reynslu nemenda. Ferli og fæðing lagsins tók mið af aðferðafræði starfendarannsókna þar sem stöðug endurskoðun og mat átti sér stað með það fyrir augum að ná því besta úr nemendunum. Verkefnið var einnig sett upp með það fyrir augum að ná til nýrra áhorfenda, var það gert með því að bjóða upp á stutta tónleika í Skagfirðingabúð á Sauðárkróki. Það sem tókst ekki nógu vel í Nordplus verkefni var að klára verkefnið í heild sinni, þ.e. að ekki tókst að fjármagna síðustu ferðina til Lettlands. Það sem hefði mátt vera betra í samstarfsverkefninu var samvinnan við eistlenska hópinn, stjórnendur voru erfíðir í samskiptum, enskukunnáttan var lítil og samskiptamáti eins og „must do“ er ekki til þess fallinn að skila árangri. Einnig var vart við fordóma hjá

foreldrahópnum mínum með að taka á móti nemendum frá Litháen, fyrsta hópnum sem við tókum á móti. Fordómarnir byggðust örugglega að einhverju leyti á viðhorfi sumra Íslendinganna gagnvart fólki frá Litháen. Þetta breyttist síðan þegar hópurinn var kominn til landsins og fólkið var búið að kynnast börnunum og sjá að þetta voru góð börn eins og þeirra eigin. Í heild tókst verkefnið vel og náði markmiðum um sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf að öllu leyti.

Masterclass verkefnið „að synda og syngja“ kviknaði út frá eigin áhuga á vatni og miklum áhuga Íslendinga á sundi. Nýsköpunin í því verkefni felst í því að færa söngkennslu úr hefðbundinni kennslustofu í sundlaugar landsins. Útbúna er sér æfingar t.d. söngur og hoppæfingar, hvernig er hægt að nýta vatnið til að slaka á og gera söng- og öndunaræfingar á sama tíma. Nálægðin við náttúruna í sundlauginni hjálpaði einnig til við þegar nemendur voru að semja eigin lög. „Að synda og syngja“ var einnig mjög gaman og skiptir það miklu máli í því að ná til nemenda og ná ákjósanlegum árangri. Með þessu verkefni fór ég út fyrir þægindarramma minn og hefðbunda framsetningu á söngkennslu, bjó til eigið verkefni en byggði samt á gömlum grunni hefðbundinnar söngkennslu.

Verkefnið "Stúlka frá Kænugarði" hefur tekið höfund nokkur ár að láta verða að veruleika. Undirbúningur og rannsóknarvinna tók sinn tíma og átti sér stað að miklu leyti í Úkraínu. Annar undirbúningur og framkvæmd tónleikanna átti sér stað á Íslandi. Markmiðið með tónleikunum var að kynna menningu og þjóðlega úkraínska tónlist fyrir nýjum áhorfendahóp á Íslandi ásamt því að fá nýbúa á Íslandi frá Austur Evrópu á tónleikana. Verkefnið var samstarfsverkefni listamanna sem sköpuðu skemmtilega tónleikadagskrá sem innihélt þjóðlög frá Úkraínu, fræðslu og kynningu á lögnum, tengingu ólíkra menningarheima Íslands og Úkraínu og þátttöku áhorfenda í einu lagi á tónleikunum. Nýsköpunin fólst þess vegna í miðluninni, þ.e. að færa menningu Úkraínu til Íslands, gera áhorfendur að þátttakendum í tónleikunum og flétta saman matar- og tónlistarmenningu í eina dagskrá. Það sem tókst síst með þetta verkefni var fjáröflun þess, engin styrkur fékkst og var því greitt með því. Fáir sjóðir komu til greina og tímasetningar fyrir umsóknir yfirleitt einu sinni á ári sem getur gert umsækjendum erfitt fyrir þegar þeir eru að undirbúa verkefni sín.

Lokaverkefnið í náminu og það sem tók hvað lengstan tíma var óperan „Í Skálholti“ Verkefnið fólst fyrst og fremst í samvinnu þeirra aðila sem áttu þátt í sköpunarferlinu, og framkvæmd kynningarinnar í Þjóðmenningarhúsinu. Nýsköpunargildi óperunnar felst í nálgun sögunnar, þ.e. vináttu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Hallgríms Péturssonar. Söguþráðurinn er byggður á rannsóknum Alexöndru og Guðrúnar. Í tónsmíðina nýttist m.a. vinnan í námskeiðinu "Sounds of Nature" í LHÍ, og bakgrunnur hennar frá Úkraínu. Óperan

var fyst kynnt í verkefninu „Johann Sebastian Bank on the beach“ þar sem nálgast var áhorfendur með nýstárlegum hætti, þ.e. kynningin fór fram í Landsbankanum í miðbæ Reykjavíkur á hefðbundnum opnunartíma hans. Óperan og tónlistin var ekki fullsamin þegar tónlistarmennirnir sem koma að kynningunni komu að verkefninu. Verkið hefur þróast á þeim tíma og nýtti Alexandra sér aðferðarfræði starfendarannsókna, þ.e. að ígrunda, vega og meta athugasemdir og betrubæta verkið eftir því sem við átti hverju sinni. Samstarf hennar við aðra höfunda verksins, Guðrúnu og Rúnar var með ágætum og einnig þegar kom að undirbúningi kynningarinnar með hinu tónlistarfólkinu. Verkefnið tók miklum breytingum frá fyrstu hugmynd og alltaf er það svo að ekki er hægt að framkvæma allar hugmyndir sem koma fram. Það eina sem hefði mátt vera betra í kynningunni og í raun gekk ekki upp var að varpa myndum frá vettvangi óperunnar, Skálholti úr skjávarpa á vegg í Þjóðmenningarhúsinu. Það var ekki hægt vegna birtuskilyrða í salnum. Verkefnið fékk styrk þegar það varð til á sínum tíma frá Vaxtasamningi Norðurlands vestra sem auðveldaði höfundum þess að vinna að samningu óperunnar. Eins og svo aftur áður þá ráða styrkveitingar oft því hvað verður síðan með verkefnið. Núna er verið að vinna að því að fjármagna verkefnið svo hægt verði að setja upp óperuna næsta vetur með metnaðarfullum hætti.

Höfundur hefur brennandi áhuga á skapandi vinnu í tónlist og á þessum tveimur árum í náminu við LHÍ hefur hann fengið að rækta þessar áherslur markvisst í sínu námi. Hann hefur fengið að taka þátt í og læra af kennurum sem eru sérhæfðir í skapandi tónlistarvinnu ásamt því að taka þátt í skemmtilegum tónlistartengdum lotuverkefnum þar sem tónlistardagskrá hefur verið æfð á stuttum tíma og síðan flutt á tónleikum. Höfundur hefur einnig fengið tækifæri til að semja tónlist fyrir utan sinn þægindaramma, m.a. í tónlistarsmiðju Nordplus verkefnisins. Praktíski hluti námsins líkt og rannsóknaraðferðir og verkefnastjórnun hjálpaði höfundi einnig mikið við að undirbúa og skipuleggja verkefni og tónleika. Önnur námskeið eins svo Opera lab - Johann Sebastian Bank on the beach, hljóðupptökunámskeið, námskeiðið Ómur náttúrunnar, einkatímar í tónsmíðum, miðaldanámskeið Voces Thules hjálpaði til að finna nýja hliðar á verkefnunum og opna augu höfundar til að hugsa út fyrir ramma klassískra óperusöngvara. Eftir námið við LHÍ þori ég frekar að prófa mig áfram og þróa nýjar hugmyndir áfram í tónlistinni. Ég get frekar tekið gagnrýni og nýtt hana til að bæta fagleg verkefni mín.

6. Lokaorð

Markmið þessa náms var að víkka sjóndeildarhring minn sem óperusöngkona, fá mig til að hugsa út fyrir ramma klassísks óperusöngvara. Opna mig fyrir nýjum hugmyndum um framkvæmd og nálgun með ýmis verkefni, útfæra verkefni sem byggja á gömlum grunni og hefðbundinni kennslu og framsetningu með það fyrir augum að eiga fjölbreytt og víðtækt samstarf við tónlistarfólk víðsvegar úr heiminum og nálgast áhorfendur með nýjum hætti.

Mér finnst að það hafi tekist með þessum verkefnum að þau leggi grunn að frekari þróun og vinnu í þessa veru.

Framundan er mikil vinna í að koma óperunni á svið, sköpunarferli verkefnisins er einungis hálfnað, og vonandi gengur það eftir að ég geti sungið hlutverk Ragnheiðar næsta vetur. Verkefnið „Stúlka frá Kænugarði“ býður upp á framhald í formi óperu og/eða leik- og söngdagskrá um afa minn, sem var þekktur kvikmyndagerðarmaður, og tengingu mína og arfleifð í Úkraínu og búandi á Íslandi. Þetta er verkefni sem mig langar til að þróa áfram þegar tími gefst til. Tónsmiðjan í Nordplus verkefninu og „að syngja og synda“ verkefnið býður þess einnig tíma að verða þróað enn frekar í söngnámi og fyrir kóra.

Mér hefur tekist að læra að hjóla þó að ég hafi lent í smá holum á leiðinni að takmarkinu. Ljóst er að námið hefur sannarlega opnað augu mín fyrir nýjum verkefnum, takk kærlega fyrir mig.

Alexandra Chernyshova

Hvalfirði 26. maí 2013

7. Fylgiskjöl

8.1. Uppskrift af kjötrauðrófusúpu – Borsh

Hér fyrir neðan er uppskrift af úkraínskri súpu sem gestum bauðst að smakka á eftir tónleikana. Þessi uppskrift kemur frá mömmu Alexöndru og er fjölskyldu uppskrift.

Hráefni í súpuna:

Svínakjöt eða Nautakjöt eða skipt til helminga, best að nota bringuna. - 2 kg - Tómatar - Kál - Rauðarófa - Steinselja - Gulrót – Kartöflur, 6 meðal kartöflur – Paprika, 1 stk - Laukur - Hvítlaukur - Olía – sítróna, 2 stk.- til að gera djús.

Hvernig á að elda súpuna:

- Setja vatn - 2 L og setja ofan í stóra bita af kjöti - 2 kg.
- Láta vatnið sjóða á mildum hita í ca. 2 - 2,5 klukkutíma og taka skánina af sem myndast þangað til kjötið er orðið mjúkt.
- Þegar kjöt er tilbúið, þá þarf að taka það frá pottinum og setja á disk.
- Setja kartöflurnar skrallaðar, ofan í pottinn og láta þær sjóða, langbest að skera þær í litla bita.
- Á meðan taka 3 - 4 stórar rauðrófur og skera niður og setja á pönnu til að steikja smá með 2 skeiðar af olíu. Þegar rauðrófurnar eru að verða tilbúnar, þá þarf að setja yfir sítrónusafa frá 2 sítrónum, svo rauðrófurnar eru ekki að breyta um lit ofan í vatninu á eftir.
- Á meðan gera allt klárt - skera niður 2 lauka, steinselju, 2 - 3 gullrætur og eina rauða papriku og steikja aðeins á pönnunni. Fyrst setja laukinn.
- Skera kál og setja ofan í vatnið og láta það sjóða í 20 mín.
- Setja grænmeti sem var á pönnunni og rauðrófur 10 mín. áður en súpan er tilbúin.
- Setja ofan í súpuna tómatana, skorna í litla bita.
- Setja smá salt og 3 - 4 skeiðar af sykri, setja einnig hvítlauk og gras.
- Þá er kominn tími til að setja kjöt í súpuna og sjóða. Láta hana síðan standa í 15 - 20 mín. áður en hún er borin til borðs.